

Stjórnarfundur í Geðhjálp 04.04.19

Mættir: Einar Þór Jónsson, Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, Halldóra Pálsdóttir, Bergþór G. Björgvinsson, Silja Björk Björnsdóttir, Sylviane Lecoultre, Sigríður Gísladóttir, Ragnheiður H.B. Hafsteinsdóttir, Ágúst Kristján Steinarsson, Halldór Auðar Svansson og Garðar Sölvi Helgason.

1. Yfirferð fundargerðar, undirskriftir.

Yfirferð fundargerðar og undirskriftum frestað til næsta fundar.

2. Kynningar stjórnarmanna/kvenna, Geðhjálp, samskiptaleiðir (EPJ).

Stjórnarfolk og framkvæmdastjóri kynntu sig og framkvæmdastjóri sagði örstutt frá starfsemi Geðhjálp. Samþykkti var að stofna facebooksíðu fyrir stjórnarfolk og framkvæmdastjóra til að nýta í almennum umræðum. Formleg samskipti munu áfram fara fram í gegnum tölvupóst.

3. Verkaskipting stjórnar (varaformaður, ritari, gjaldkeri) (EPJ).

Einróma samþykkt að Héðinn Unnsteinsson yrði varaformaður, Ágúst Kristján Steinarsson gjaldkeri, Silja Björk Björnsdóttir ritari og Sigríður Gísladóttir vararitari.

4. Opnar dyr fyrir okkar fólki, ráðstefna (AGÓ).

AGÓ kynnti dagskrá málþingsins *Opnar dyr fyrir okkar fólki* um lágþröskuldabjónustu fyrir ungt fólk í anda Headspace í Ástralíu og aðrar nýjungar í geðheilbrigðisþjónustu við ungt fólk. Málþingið fer fram á Grand Hótel föstudaginn 12. apríl. Heiðursgestur á málþinginu verður Patrick McGorry, stofnandi Headspace í Ástralíu.

5. Stefnumótunarfundur (EPJ).

Samþykkt var að efna til stefnumótunarfundar fyrir stjórn og starfsmenn laugardaginn 25. maí milli kl. 10.00 og 15.00. Fundarfolk nefndi áhersluatriði eins og forvarnir, „normalísingu“, baráttuna gegn nauðung og þvingun og stuðning við aðstandendur. AGÓ mun senda stjórninni fyrirbyggjandi stefnumótunarplagg og niðurstöður stefnumótunarfundar síðasta árs. Hún mun skipuleggja fundinn í samráði við EPJ og fleiri.

6. Samstarf við KSÍ (EPJ, AGÓ).

AGÓ sagði frá samskiptum sínum við Guðna Bergsson formann KSÍ í kjölfar fordómafullra ummæla leikmanns Stjörunnar gagnvart leikmanni Leiknis. Hún sagði að KSÍ hefði óskað eftir samstarfi við Geðhjálp um uppbyggilegt verkefni til að draga úr fordómum gagnvart fólki með geðrænan vanda í knattspyrnu kjölfar málsins. Stjórnin fagnaði því en

fram kom að eðilegt væri að þrýsta á KSÍ um lyktar málsins.

7. Viðmið fjölmiðla í umfjöllun um geðheilbrigðismál (AGÓ).

AGÓ lagði fram drög að viðmiðum fyrir fordóma vegna umfjöllunar um geðheilbrigðismál og sjálfsvíg. Hún hvatti stjórnarfolk til að kynna sér viðmiðin og senda henni skilaboð með athugasemdum/ábendingum.

8. Þátttaka Geðhjálpur í Stuðningsneti sjúklingasamtakanna (SL, ÁK, BGB, AGÓ).

SL og AGÓ kynntu Stuðningsnet sjúklingasamtakanna www.studningsnet.is. Stuðningsnetið heldur utan um námskeið og skipulagningu sjálfbóðaliðastarfs stuðningsfulltrúa við notendur heilbrigðisþjónustunnar. Ákveðið var að fresta umræðu um hugsanlega þátttöku Geðhjálpur í félaginu.

9. Prókúra á reikningum í Landsbanka og Arionbanka (AGÓ).

Stjórnarmenn veittu framkvæmdastjóra og bókara prókúru á safnreikninga Geðhjálpur í Landsbanka og Arionbanka. Þá var skrifað undir tilkynningut il RSK um skipun nýrrar stjórnar.

10. Önnur mál.

- EÞJ óskað eftir heimild til að fá greitt fyrir vinnutap vegna funda í þágu Geðhjálpur. ÁKS spurði hvort fjallað væri um greiðslur í lögum félagsins. AGÓ upplýsti að fjórða grein laga Geðhjálpur kvæði á um að ef launaðir starfsmenn samtakanna næðu kjöri til stjórnarsetu hættu þeir samhliða störfum sínum sem þeir þægju laun fyrir. HAS óskaði eftir að EÞJ legði tillöguna fram skriflega á næsta stjórnarfundum.
- AGÓ sagði frá því að Geðhjálp hefði áskotnast 150.000 kr. styrkur frá Gallup til þess að bæta geðheilbrigðisþjónustu við ungt fólk. Samþykkt var að styrkurinn rynni til útmeða.
- Sylviane stakk upp á því að stjórninn kysi sér trúnaðarmann. Samþykkt var að Sigríður Gísladóttir yrði trúnaðarmaður stjórnar.

Fundurinn stóð yfir frá 16.15 til 18.30.